



Ályktun um leikskólamál

Varað hefur við þeirri þróun sem hefur átt sér stað í leikskólamálum víða um land, þar sem daglegur vistunartími er stytur í 6 klukkustundir, en gjald umfram þann tíma er hækkað allverulega. Þá hefur einnig svokölluðum skráningardögum fjölgað, dögum sem foreldrar þurfa greiða sérstaklega fyrir, en eru ekki innifaldir í mánaðarlegum leikskólagjöldum.

Það liggur fyrir að margir foreldrar sem eru innan vébanda aðildarfélaga SGS hafa vinnu sinnar vegna lítil sem engin tök á því að stytta vistunartíma barna sinna. Þessir foreldrar greiða nú mun hærra gjald svo nemur tugum prósentu. Þessi þróun bitnar þá helst á tekjulágum foreldrum sem hafa lítinn sveigjanleika í starfi og lítið sem ekkert stuðningsnet.

Þótt sveigjanleiki hafi aukist hjá þeim hluta vinnumarkaðarins sem nýtur styttingu vinnuvikunnar, hefur stærstur hluti félagsmanna aðildarfélaga SGS alls enga styttingu fengið og vinnur ennþá 40 stunda vinnuviku. Margir félagsmanna hafa engin tök á því vinna hluta úr degi að heiman eða sækja börn fyrr á leikskólann án þess að sæta talsverðri skerðingu á ráðstöfunartekjum. Sú staðreynd virðist hafa farið fram hjá þeim sem stýra leikskólamálum.

Þessar breytingar leiða til skerðingar á ráðstöfunartekjum fjölskyldna, auka launamun milli kynja og minnka starfs- og framþróunartækifæra kvenna á vinnumarkaði. Þær kalla jafnframt fram spurningar um hvort sveitarfélögin séu með þessu að velta ábyrgð á mönnunurvanda leikskólanna yfir á foreldra – fremur en að leita raunhæfra lausna innan eigin skipulags.

Þróunin leiðir einnig til aukinnar stéttaskiptingar þar sem lágtekjufólk vinnur lengri vinnudag, greiðir hærri leikskólagjöld og hefur síður efni á mannsæmandi fjölskyldulífi. Þetta bitnar helst á þeim lægst launuðu og þeim sem hafa lítið bakland, svo sem innflytjendum og einstæðum foreldrum. Slíkt eykur félagslegt ójafnræði í samfélaginu.

Jafnframt er mikilvægt að huga að aðstæðum starfsfólks leikskóla. Starfsfólk leikskólanna starfar undir miklu álagi allan daginn, matast með börnunum og fá sjaldan raunveruleg hlé eða félagslega samveru með samstarfsfólki sínu. Þetta hefur áhrif á heilsu, vellíðan og starfsánægju.

Að mati þingsins snýst þessi þróun fyrst og fremst um sparnað sveitarfélaga, ekki um velferð barna, fjölskyldna og starfsmanna. Hún dregur úr jöfnum tækifærum og grefur undan jafnrétti kynja á vinnumarkaði.

Þing SGS krefst þess að:

1. Sveitarfélög eigi að leita annarra leiða til að leysa mönnunurvanda leikskólanna án þess að velta kostnaði eða ábyrgð yfir á foreldra.
2. Ríkið eigi að lögfesta 36 klst. vinnuviku á almennum vinnumarkaði til að tryggja jafnræði og samræmi milli vinnumarkaðar og þjónustu sveitarfélaga, án þess að starfsfólk á almennum vinnumarkaði þurfi að borga fyrir það með lakari kjörum.

3. Útfærsla styttri vinnuviku verði að taka mið af félagslegri heilsu starfsfólks, þar sem neysluhlé og samvera eru ómissandi hluti af heilbrigðu vinnuumhverfi.
4. Öll börn og foreldrar eigi rétt á sömu velferð og þjónustu óháð tekjum, búsetu eða félagslegri stöðu.

Þing SGS leggur áherslu á að þessi mál séu ekki aðeins spurning um rekstur leikskóla, heldur grundvallar jafnréttis- og vinnumarkaðsmál. Þau snerta stöðu kvenna, velferð barna og rétt allra fjölskyldna til mannsæmandi lífs og jafnræðis.